

45 Öll ríki, sem meðlimir eru í Alþjóðaflugmálastofnuninni, mega samþykkja  
 2. apríl þennan samning og taka á sig þær skuldbindingar, sem í honum felast, með því að tilkynna samþykki sitt stjórn Bandaríkjanna, og skal slíkt samþykki ganga í gildi á þeim degi, er sú stjórn tekur við slíkri tilkynningu.

Samningur þessi öðlast gildi meðal samningsríkja jafnóðum og þau samþykkja hann hvert um sig. Að því loknu skal hann öðlast gildi gagnvart hverju öðru ríki, sem tilkynnir stjórn Bandaríkjanna samþykki sitt þar að lútandi, á þeim degi, er sú stjórn tekur við slíkri tilkynningu. Skal stjórn Bandaríkjanna tilkynna öllum undirskriftar- og samningsríkjum dagsetningu allra samþykktá á samningnum og um dag þann, er hann gengur í gildi gagnvart hverju ríki, sem aðhyllist hann.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað þennan samning, hver af hálfu sinnar ríkisstjórnar, á þeim dögum, er greindir eru við undirskrift hvers um sig.

Gert í Chicago sjöunda dag desembermánaðar 1944 á enskri tungu. Gera skal texta á ensku, frönsku og spönsku, og skal hver þeirra jafngildur. Skulu þeir liggja frammi til undirskriftar í Washington, D. C. Skulu báðir textarnir geymdir í skjalasafni stjórnar Bandaríkjá Ameríku, en staðfest eftirrit send frá stjórn Bandaríkjanna til stjórna allra þeirra ríkja, sem undirskrifa kunna eða aðhyllast samning þennan.

(Undirskriftir fulltrúa 33 ríkja.)

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, hinn 2. apríl 1947.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*

## AUGLÝSING

46  
 15. marz

um leiðbeiningabók fyrir starfsmenn utanríkisráðuneytisins.

Hinn 14. marz 1947 staðfesti forseti Íslands leiðbeiningabók fyrir starfsmenn utanríkisráðuneytisins.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 15. marz 1947.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*